

Lulu Munk Anderson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarbyggðar
Borgarbraut 14
Borgarnesi



Reykjavík, 7. mars 2014
Tilvísun: UST20140200101/ksj

Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis á Húsafelli

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 13. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir verslunar- og þjónustusvæði að Húsafelli. Lýsing deiliskipulagstillögu verslunar- og þjónustusvæðis á Húsafelli barst ekki til Umhverfisstofnunar fyrr en 11. mars að beiðni stofnunarinnar.

Deiliskipulagssvæðið

Ferðaþjónustan á Húsafelli ehf. áætlað að bæta við þjónustu á 4,1 ha verslunar- og þjónustusvæði sínu. Fyrirhugað er að reisa 36 herbergja hótél, stækka sundlaugina, fjölga pottum við hana, byggja saunu og útisturtur bæta við viðbyggingu við núverandi þjónustuhús.

Í landslagslýsingu kemur fram að á skipulagssvæðinu er hraun er hallar að mestu til suðvesturs, og að svæðið er að stórum hluta vaxið birkikjarri, en einnig kemur fram að í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 sé markmið að við uppbyggingu sé sérstakt tillit tekið til vistkerfa sem falla undir 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Umhverfisstofnun bendir á að eldhraun nýtur sérstakrar verndar skv. ofangreindum lögum 37. gr. og angreindra laga og skal forðast röskun þess þess eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að við framkvæmdir verði sem minnst röskun á eldhrauni.

Birkiskógar og birkikjarr

Á uppdrætti kemur fram að hótelið er áætlað á svæði norðaustan við sundlaugina, sem er svæði vaxið þéttu birki sem enn hefur ekki verið rutt vegna framkvæmda. Einnig kemur fram í forsendukafla greinargerðar að vegna fyrirhugaðra framkvæmda verður 5000 m² af birkiskógasvæði raskað. Umhverfisstofnun bendir á að það er markmið stjórnvalda að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Þetta kemur fram í stefnumörkun stjórnvalda: *Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020*. Umhverfisstofnun hvarmar svo miklar áætlanir um ruðning á birkiskógi og bendir á að upprunalegir birkiskógar eru takmörkuð auðlind.

Að mati Umhverfisstofnunar væri mikilvægara að halda birkisvæðinu sem útivistarsvæði og finna hóteli stað þar sem ruðningur birkiskógar er ekki forsenda fyrir framkvæmdum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að raski á birkiskógum verði haldið í algjöru lágmarki. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að við mótvægisáðgerðir verði eingöngu notað birki af svæðinu.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

